

2. fundur Betadeildar haldinn í Félagsborg á Hrafnagili þriðjudaginn 10. okt. 2017 kl. 19:30

1. Aníta setti fundinn og bauð konur velkomnar á hátíðarfund. Ragnheiður kveikti á kertum og að því loknu flutti Aníta kveðjur frá fjarstöddum konum.
2. Sigríður Magnúsdóttir flutti orð til umhugsunar. 10. okt. er alþjóðadagur geðheilbrigðis og Sigríður byrjaði á því að kynna okkur gleðihnappinn hans Jóns Gnarr. Í fyrri hluta hugleiðingar sinnar fjallaði hún á einlægan og áhrifaríkan hátt um reynslu sína af því að vera aðstandandi einstaklings sem er andlega veikur og hvernig sú reynsla hefur þroskað hana og hjálpað henni í starfi þegar kemur að nemendum sem eiga aðstandendur sem glíma við andleg veikindi. Í síðar hluta hugleiðingarinnar sagði hún okkur frá Lions þingi í Chicago sem hún fékk tækifæri til þess að sækja með manni sínum sl. sumar. Hún fór án væntinga en naut áhugaverðra fyrirlestra sem fjölluðu um áhrifamátt hugans í lífi fólks.
3. Fríða las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
4. Aníta færði Ingibjörgu Auðunsdóttur 40 ára nælu DKG og þakkaði henni trúmennsku við Betadeild í 40 ár.
5. Inntaka nýrra félaga. Útbreiðslunefnd bárust engar tillögur en upp voru borin nöfn 3ja kvenna. Á næsta fundi verða frekari kynningar og kosið um tillögurnar. Samþykkt að hægt verði að bera upp nöfn á næsta fundi ef til þess kemur. Í framhaldi af þessum umræðum þá varpaði Ingibjörg fram þeirri hugmynd að ef konur teldu sig ekki hafa efni á því að vera í samtökunum gæti deildin brugðist við því. Rætt um að taka það til umfjöllunar ef sú staða kæmi upp.
6. Aníta minnti konur á styrki sem hægt er að sækja til samtakanna. Allar upplýsingar um þá er að finna á heimasíðunni.
7. Aníta ræddi um aprílfund Betadeildar sem halda á í HA skv. vetrardagskrá. Aðstæður í HA eru þannig að ekki er hægt að halda fundinn þar og er því vísað til undirbúningshóps að finna annan stað fyrir fundinn.
8. Önnur mál.
 - Þorgerður þakkaði fyrir þátttöku í samræðuþinginu 5. okt sl. Verið er að vinna úr gögnum sem söfnuðust á þinginu og undirbúningsnefndin stefnir að því að senda niðurstöður frá sér í vikunni. Almenn ánægja var með framkvæmdina, skipulagið þótti gott og Betakonur heyrðu þátttakendur ræða um það hve gott það væri að fá vettvang þar sem öll skólastig gætu rætt saman um málefni sem brenna á kennurum.
 - Þyngjan góða látin ganga og dregið var í happdrættinu þar sem Halldóra Haraldsdóttir hreppti hnossið.
9. Aníta slökkti á kertum og sleit fundi kl. 20:20.

Að fundi loknum tókum við á móti heiðursgestinum Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur. Aníta bauð hana velkomna, sagði henni frá Betadeild og þeirri hefð að veita heiðursviðurkenningar á afmælisári og að Sigrún væri sú fimmta sem Betadeild væri heiður að heiðra og þakka fyrir störf sín. Halldóra Haraldsdóttir ávarpaði þá Sigrúnu fyrir hönd Betakvenna. Hún fór yfir náms- og starfsferil Sigrúnar og þátt hennar í margvíslegu frumkvöðlastarfi sem snýr að velferð barna og ungmenna. Hún þakkaði henni óeigingjarnt framlag sitt til samfélagsins á margvíslegan hátt.

Þá færði Aníta Sigrúnu heiðursskjal, rós, bókina um Elísabetu Geirmundsdóttur og listaverk eftir Karl Guðmundsson. Betakonur risu þá úr sætum og hylltu Sigrúnu með lófataki.

Að heiðrun lokinni var samsöngur sem María Gunnarsdóttir leiddi. Sunginn var Sálmurinn um fuglinn eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Þá var boðið til kaffihlaðborðs sem var veglegt að vanda og nutu konur samverunnar við notalegar samræður yfir kræsingum.